



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 20. maí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:10 - 20:45.

Mætt voru: Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Rán Reynisdóttir. Hjalti Hrafn Hafþórsson og Katrín Baldursdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundarmenn hvattir til að samþykkja fundargerð síðasta fundar.

2. Sósíalistaþing, árangur?

Fundarmenn lýstu upplifun sinni af þinginu. Meðal þess sem fram kom var sérstök ánægja með góða byrjun hjá Sósíalískum femínistum og Meistaradeildinni, sósíalístum 55 ára og eldri og erindi Hjalta um mannúð og umhverfismál að ógleymdum veitingunum, en einnig að kom fram að fleiri myndir þótti vanta af þinginu á samfélagsmiðlum og að menn hefðu viljað sjá betri mætingu á þingið.

Í heildina var ánægja með þingið, erindi flokksins og innihald viðburða þótti gott en verkefni okkar er að fjölga í flokknum og auka virkni þeirra sem eru hér þegar.

3. Verkefni framkvæmdastjórnar fram að haustfundi

Fundarmenn ræddu hugsanleg verkefni. Hugmynd kom fram um sameiginlegan starfsdag stjórnanna og var töluvert rædd, t.a.m. á hvaða nótum innlegg ræðumanna sem fengnir yrðu á fundinn ættu að vera.

Hjalti lagði áherslu á mikilvægi málefnavarfrsins um umhverfismálin.

Hugmynd kom fram um að framkvæmdastjórn hvetji og styðji málefnavarfrsinn til að halda ráðstefnu um umhverfismál.

Samstaða var um að velta fyrir okkur hvernig hægt væri að vera rausnarlegri við þá sem eru að gefa tíma sinn til að byggja upp flokkinn.

4. Félagsgjöld innheimt, önnur fjármál

Rætt var hversu miklu fé mætti búast við í félagsgjöldum.

Staða á reikningum. Flokkurinn: 44.770 kr., Maístjarnan 2.229.671 kr.

5. Maístjarnan, innsent erindi frá Reykjavík Rhizome/Rótarskot Reykjavík

Umræðum frestað til næsta fundar.

6. Erindi frá Meistaradeildinni

Gunnar Smári tók að sér að boða fund fyrir Meistaradeildina í samráði við undirbúningshóp.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið.